

Sp.

172. Tillaga til þingsályktunar

[159. mál]

um haf- og fiskveiðasafn.

Flm.: Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa í samráði við sjávarútvegsráðherra nefnd til að gera áætlun um stofnun og rekstur haf- og fiskveiðasafns. Skal safnið gefa mynd af hafsvæðunum umhverfis Ísland, eðli þeirra, lífi og lífsskilyrðum í hafinu, fiskveiðum Íslendinga fyrr og nú, ásamt annarri nýtingu og vernd auðæfa hafsins, svo og meðferð og sölu sjávarfangs fyrr og nú. Í safninu skal einnig fjallað um landhelgismál Íslendinga, þróun þeirra, baráttu Íslendinga fyrir útfærslu landhelginnar og landhelgisgæsluna. Í safninu skal beitt fullkomnustu sýningartækni sem völ er á.

Nefndin skal gera fjárhagsáætlun um uppbyggingu slíks safns, hugsanlega í áföngum. Kanna skal möguleika á að nota hluta af sýningarefni sem kjarna minni safna víðs vegar um landið og bæta þá við því sem er sérkennilegt í hverju byggðarlagi eða tengja það þeim söfnum sem fyrir eru.

Leggja skal skýrslu nefndarinnar og fjárhagsáætlanir fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd og því er hún nú endurflutt. Þá fylgdi henni svohljóðandi greinargerð:

Í upphafi er rétt að áréttta að hér er ekki átt við fiska- eða sædýrasafn, né heldur sjóminjasafn sem þegar er raunar fyrir hendi.

Tillagan miðar að því að nefnd geri áætlun um að koma upp haf- og fiskveiðasafni þar sem ítarlega og með bestu tækni sem völ er á væri fjallað um þennan höfuð- og undirstöðuatvinnuveg íslensku þjóðarinnar. Ekki er í tillögunni tekin afstaða til þess hvar safninu yrði valinn staður. Vel mætti til dæmis hugsa sér að það yrði staðsett á Akranesi, þar sem þegar er myndarlegt safn að Görðum. Akranes er og mikill útgerðarbær í næsta nágrenni við mestu þéttbýlissvæðin. Þangað eru og greiðar samgöngur á sjó og landi.

Slíkt safn væri áhrifamikið fræðslutæki fyrir unga sem aldna og gæfi margvíslegar upplýsingar um lífríki hafsins hér á norðurslóðum og ekki síður auðæfi hafsvæðanna, baráttuna fyrir vernd og skynsamlegri nýtingu auðlinda hafsins og sögu landhelgisbaráttunnar frá öndverðu. Tvímælalaust er mikil nauðsyn á fræðslu af því tagi sem slíkt safn mundi veita ekki síst þar sem þeim fer nú sífellt fjölgandi hér á landi sem alast upp án nokkurra tengsla við umhverfi er tengist fiskverkun, sjósókn og sjávarútvegi.

Hjá öðrum þjóðum er mjög byggja afkomu sína á siglingum og sjávarútvegi eru í mörgum borgum söfn er tengjast sjósókn og siglingum. Má minna á að í Bergen í Noregi eru t.d. þrjú söfn á þessu sviði, siglingasafn, fiskveiðasafn og fiskasafn.

Það er sannfæring flutningsmanns að ekki sé aðeins rétt að koma upp safni eins og hér um ræðir heldur sé okkur Íslendingum það beinlínis skylt. Slíkt safn mundi veita ungum sem öldnum ómetanlega fræðslu um þau mál er tilvera okkar og afkoma grundvallast á umfram allt annað.